

Alþingi***Erindi nr. P 141/42
komudagur 4.10.2012***

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. október 2012
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, 93. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 27. september 2012 þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. („**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum (texti bókhaldsbóka og ársreikninga, skoðunarmenn, endurskoðendur).

Kauphöllin styður þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins en með ákvæðinu er veitt heimild þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku. Telur Kauphöllin umrædda breytingu eðlilega þegar horft er til þess að mikil aukning hefur verið á því undanfarin ár að erlendir einstaklingar og lögaðilar komi með virkum hætti að rekstri íslenskra fyrirtækja.

Virðingarfyllst,

Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur